



REGLUR UM PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

SETTAR AF MIÐSTJÓRN 10. APRÍL 1985
ÁSAMT BREYTINGUM 12. SEPTEMBER 1989, 18. JANÚAR 2002,
3. DESEMBER 2004, 11. DESEMBER 2009, 26. OKTÓBER 2012,
15. JÚLÍ 2016 (SAMÞ. ÓBREYTT), 18. JANÚAR 2018 OG 5. MARS 2021.

Skrifstofa Sjálfstæðisflokksins

Mars 2021

Efnisyfirlit

Ákvörðun um prófkjör.....	3
1. gr.....	3
Þátttaka í prófkjöri	3
2. gr.....	3
Val frambjóðenda og réttur þeirra – Prófkjörseðill.....	3
3. gr.....	3
4. gr.....	4
5. gr.....	4
Tímasetning prófkjörs – Utankjörstaðarkosning – Tilkynningar	4
6. gr.....	4
7. gr.....	5
Kjörstaðir.....	5
8. gr.....	5
Kjörstjórnir – Framkvæmd prófkjörs.....	6
9. gr.....	6
10. gr.....	6
11. gr.....	6
12. gr.....	6
13. gr.....	6
Talning atkvæða.....	6
14. gr.....	6
15. gr.....	7
Tillögur um framboðslista – Birting úrslita.....	7
16. gr.....	7
17. gr.....	7
18. gr.....	7
Ágreiningur um prófkjör – Kærur.....	8
19. gr.....	8
Yfirkjörstjórn	8
20. gr.....	8
21. gr.....	8
Prófkjör vegna sveitarstjórnakosninga	8
22. gr.....	8
23. gr.....	8
Prófkjörsskrár.....	9
24. gr.....	9
Gildistaka.....	10
25. gr.....	10

Ákvörðun um prófkjör

1. gr.

Kjördæmisráð ákveður hvort prófkjör samkvæmt reglum þessum skuli fara fram.

Í Reykjavík er kjördæmisráði heimilt að ákveða að eitt prófkjör skuli fara fram fyrir bæði Reykjavíkurkjördæmi.

Fund kjördæmisráðs til ákvörðunar prófkjörs skal boða rækilega með almennri auglýsingu með a.m.k. viku fyrirvara. Til að ákvörðun kjördæmisráðsins sé lögmæt þarf einfaldan meirihluta atkvæða viðstaddra fundarmanna. Verði atkvæði jöfn skal kosið á nýjan leik. Verði atkvæði jöfn að nýju skal varpa hlutkesti. Náist ekki tilskilinn meirihluti fyrir prófkjöri, röðun eða uppstillingu eru það tilmæli miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins að fram fari prófkjör, enda liggur fyrir breytingatillaga á skipulagsreglum fyrir næsta landsfundi frá miðstjórn sem gerir ráð fyrir því.

Skylt er stjórn kjördæmisráðs að efna til fundar kjördæmisráðs til að taka ákvörðun um prófkjör vegna komandi alþingiskosninga ef 25% kjördæmisráðsmanna óska þess skriflega.

Skal slík ósk hafa komið fram eigi síðar en einum mánuði fyrir lok framboðsfrests til kosninga og skal stjórn kjördæmisráðs boða til fundar ráðsins innan viku frá því að sú ósk kom fram.

Kjördæmisráð skal kjósa að lágmarki sjö manna kjörnefnd sem undirbýr og stjórnar prófkjöri skv. reglum þessum. Formaður skal kosinn sérstaklega.

Verði lögmæltir frestir kosningalaga ákveðnir skemmri en þeir eru nú breytast frestir samkvæmt þessum reglum til samræmis.

Þátttaka í prófkjöri

2. gr.

Þátttaka í prófkjöri er heimil:

- a) Öllum fullgildum meðlimum sjálfstæðisfélaganna í kjördæminu sem þar eru búsettir.
- b) Þeim stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins, sem eiga munu kosningarrétt í kjördæminu við kosningarnar og undirritað hafa inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag í kjördæminu fyrir lok kjörfundar og teljast þar með komnir á flokkskrá.

Kjördæmisráð getur ákveðið að réttur til þátttöku í prófkjöri skuli bundinn við þá sem hafa verið flokksbundnir sjálfstæðismenn í a.m.k. tvær vikur þegar prófkjör fer fram og eru auk þess fullgildir meðlimir sjálfstæðisfélaganna í kjördæminu. Ákvörðun um að viðhafa þessa tilhögun í stað hinnar almennu tilhögunar samkvæmt a- og b-liðum hér að framan og um dagsetningu er við skuli miðað þarf að hafa verið tekin á fundi kjördæmisráðs með atkvæðum meirihluta viðstaddra fundarmanna og síðan auglýst opinberlega a.m.k. 10 dögum áður en frestur til að ganga í sjálfstæðisfélag til að öðlast, að uppfylltum öðrum skilyrðum, þátttökurétt í viðkomandi prófkjöri rennur út. Sá sem undirritar og leggur inn inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag innan þessa frests telst þar með vera orðinn flokksbundinn sjálfstæðismaður í þessu sambandi.

Val frambjóðenda og réttur þeirra – Prófkjörseðill

3. gr.

Prófkjör er bundin kosning og skulu frambjóðendur til þess valdir þannig:

- a) Gerð er tillaga til kjörnefndar innan ákveðins framboðsfrests sem kjörnefnd setur. Tillagan er því aðeins gild að hún sé bundin við einn flokksmann. Enginn flokksmaður getur staðið að fleiri tillögum en hann má fæsta kjósa í prófkjörinu.

b) Tillagan skal borin fram af 20 flokksmönnum búsettum í kjördæminu.

Kjörnefnd er heimilt að tilnefna prófkjörframbjóðendur til viðbótar frambjóðendum samkvæmt a-lið.

Kjördæmisráð getur ákveðið að frambjóðendur til prófkjörs skuli valdir með forvali eða skoðanakönnun innan kjördæmisráðsins samkvæmt nánari reglum settum af viðkomandi kjördæmisráði og eiga þá a- og b-liðir þessarar greinar ekki við. Slík ákvörðun þarf að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir eitt prófkjör í senn.

4. gr.

Frambjóðendum til prófkjörs skulu afhentar prófkjörreglur þessar, skipulagsreglur flokksins, starfsreglur þingflokks Sjálfstæðisflokksins og persónuverndarstefna flokksins og undirrita yfirlýsingu þess efnis, að þeir hafi kynnt sér reglurnar og muni fara eftir þeim. Ennfremur að þeir muni reka þann áróður er þeir kunna að hafa í frammi fyrir framboði sínu í eigin nafni en ekki í nafni Sjálfstæðisflokksins. Miðstjórn skal semja yfirlýsinguna.

Frambjóðendur til prófkjörs skulu allir hafa sama aðgang að gögnum Sjálfstæðisflokksins, eftir nánari ákvörðun stjórnar viðkomandi kjördæmisráðs í samvinnu við skrifstofu Sjálfstæðisflokksins og í samræmi við persónuverndarstefnu flokksins.

5. gr.

Þegar valdir hafa verið frambjóðendur til prófkjörs samkvæmt 3. gr. skal gerð skrá yfir þá, er nefnist prófkjörsseðill. Engan má setja á prófkjörsseðil, nema hann hafi til þess gefið samþykki sitt skriflega. Hlutað skal um röðun nafna á prófkjörsseðil. Kjörnefnd lætur prenta prófkjörsseðla. Skal þess vandlega gætt í allri prófkjörframkvæmdinni, að ekki geti orðið um að ræða að misfarið sé með prófkjörsseðla.

Tímasetning prófkjörs – Utankjörstaðarkosning – Tilkynningar

6. gr.

Ef ekki liggur fyrir ákvörðun kjördæmisráðs um tímasetningu prófkjörs getur kjörnefnd ákveðið hvenær prófkjör skuli fara fram, þ.m.t. hversu lengi kjörfundur skuli standa. Prófkjör skal fara fram samtímis í kjördæminu. Miðstjórn mælist til þess árið 2021, að prófkjör standi í tvo daga hið minnsta á fimm daga tímabili, svo tryggja megi á einfaldan hátt sóttvarnareglur.

Heimilt er kjörnefnd að ákveða að þeir, sem atkvæðisrétt eiga í prófkjöri og gera ráð fyrir að verða að heiman auglýsta prófkjörsdaga, geti greitt atkvæði í prófkjörinu næstu eina til fjórar vikurnar fyrir fyrsta prófkjörsdag á sérstökum kjörstað/kjörstöðum innan eða utan kjördæmis, sem hún opnar í þessu skyni.

Taki kjörnefnd ákvörðun um að efna til utankjörstaðakosningar vegna prófkjörsins skulu kjörstaðir ákveðnir og auglýstir strax og sú ákvörðun hefur verið tekin. Óheimilt er að breyta þeirri ákvörðun og auglýsa aðra kjörstaði en þá sem í upphafi voru tilkynntir og jafnframt er óheimilt að hætta við að kjósa á þeim kjörstöðum sem auglýstir hafa verið. Í auglýsingu skal tilgreina nákvæmlega hvar kjörstaðirnir eru og hvenær þeir eru opnir og skal einungis heimilt að kjósa á auglýstum opnunartíma. Þar sem utankjörstaðakosning fer fram skal skipuð sérstök undirkjörstjórn sbr. 8. gr. og skal hún skipuð þremur mönnum og skulu tveir þeirra ávallt vera viðstaddir þegar kosning fer fram. Óheimilt er að fara með kjörgögn út af hinum auglýstu kjörstöðum í heimahús eða á aðra staði og efna þar til kosningar. Einungis kjörstjórn, sem kjörnefnd eða yfirkjörstjórn hafa skipað, er heimil meðferð kjörgagna og skal þess gætt vandlega að ekki sé misfarið með atkvæðaseðla eða önnur kjörgögn og þau ávallt geymd með trygghum hætti og haldnar nákvæmar skrár hjá

kjörnefnd/yfirkjörstjórn um afhendingu kjörgagna vegna utankjörstaðakosningarinnar. Öllum frambjóðendum í prófkjöri er heimilt að tilnefna fulltrúa til þess að fylgjast með utankjörstaðakosningunni sbr. 8. gr. Kjörnefnd/yfirkjörstjórn skal senda öllum frambjóðendum í prófkjöri sérstaka tilkynningu um það hvar og hvenær utankjörstaðakosning fer fram, jafn skjótt og það hefur verið ákveðið.

Ennfremur er heimilt að kjósa utankjörstaðakosningu á kjördag, hjá undirkjörstjórn hvers kjörstaðar, ef viðkomandi er nýfluttur í viðkomandi kjörsvæði og ekki kominn á skrá þar eða sérstakar ástæður mæla með því sbr. 12. gr.

Kjörnefnd er heimilt að bjóða upp á póstkosningu í stað hefðbundinnar utankjörstaðakosningar fyrir þá sem eiga atkvæðisrétt í prófkjöri og gera ráð fyrir að vera að heiman auglýsta prófkjörsdaga. Póstkosningu skal stýrt frá aðalskrifstofu flokksins í Valhöll. Þeir sem vilja nýta atkvæðisrétt sinn með þessu móti skulu hafa samband við skrifstofu flokksins og fá sendan atkvæðisseðil með viðeigandi umslögum. Póstkosning þessi skal vera tveggja umslaga kosning þ.e. viðkomandi setur atkvæðisseðill þegar hann hefur kosið í umslag merkt atkvæði og síðan það umslag í annað umslag þar sem fram kemur nafn og heimilisfang hans. Viðkomandi kemur síðan atkvæði sínu til skrifstofu flokksins.

Ekki er þeim, sem greitt hefur atkvæði utan kjörfundar, heimilt að greiða atkvæði að nýju, né heldur er atkvæði hans ógilt, þó að hann verði í sveitarfélaginu prófkjörsdagana. Greiði kjósandi atkvæði á kjörfundi, sem áður hefur greitt atkvæði utan kjörfundar, ber að ógilda utankjörfundaratkvæði viðkomandi.

7. gr.

Kjörnefnd skal birta tilkynningu um prófkjörið með auglýsingu eða frétt í blöðum eða með öðrum hætti. Í tilkynningunni skal greina frá eftir því sem við á:

- a) Hverjum sé heimil þátttaka í prófkjörinu sbr. 2. gr.
- b) Hvenær kjörið fer fram.
- c) Hvar kjörstaðir eru.
- d) Hverjir eru í framboði (prófkjörsseðill).
- e) Öðru, er varðar framkvæmd prófkjörsins.

Tilkynningu þessa skal birta með hæfilegum fyrirvara fyrir prófkjör og utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

Kjörstaðir

8. gr.

Kjörnefnd ákveður kjörstaði, fjölda þeirra og umdæmi hvers kjörstaðar.

Kjörnefnd getur ennfremur ákveðið, að á hverjum kjörstað skuli vera fleiri en ein kjördeild, ef þurfa þykir.

Kjörnefnd skipar undirkjörstjórn, eina fyrir hvern kjörstað, og skal hver undirkjörstjórn skipuð þremur mönnum.

Á kjörstöðum, sem hafa fleiri en eina kjördeild, skipar kjörnefnd að auki svo marga menn til starfa í kjördeildum að ævinlega geti verið þrír menn í hverri kjördeild.

Frambjóðendum er heimilt að tilnefna sérstakan fulltrúa til að fylgjast með framkvæmd prófkjörs á kjörstöðum, framkvæmd utankjörstaðakosningar svo og framkvæmd talningar og yfirleitt með kosningaframkvæmdinni. Þessir fulltrúar skulu gæta þess að trufla með engum hætti framkvæmd

prófkjörnsins og skulu þeir í því efni hlíta eðlilegum fyrirmælum kjörnefndar og/eða yfirkjörstjórnar. Telji þeir ástæðu til að gera athugasemdir við framkvæmd prófkjörnsins skulu þeir gera það skriflega við kjörnefnd og/eða yfirkjörstjórn.

Kjörstjórnir – Framkvæmd prófkjör

9. gr.

Undirkjörstjórnir skulu stjórna framkvæmd prófkjör, hver á sínum kjörstað undir yfirumsjón kjörnefndar.

Undirkjörstjórnnum ber skylda til að gæta hlutleysis í störfum sínum og sjá um að ekki sé hafður í frammi áróður á kjörstöðum.

Kjörnefnd skal sjá um, að til staðar séu á hverjum kjörstað reglur um framkvæmd prófkjörnsins og nægilegt magn prófkjörseðla.

10. gr.

Áður en kjósandi á kjörstað fær prófkjörseðil í hendur skal merkja með krossi við nafn hans í prófkjörsskrá.

11. gr.

Kosning skal fara þannig fram, að kjósandi kys mann í ákveðið sæti framboðslista til Alþingis með því að setja tölustaf fyrir framan nöfn manna á prófkjörseðlinum og tölusetja í þeirri röð sem óskað er að þeir skipi framboðslistann.

Merkja skal við jafnmarga frambjóðendur og samanlögð tala kjörinna þingmanna og uppbótarþingmanna Sjálfstæðisflokksins í kjördæminu er, að viðbættum allt frá einum til sex, skv. ákvörðun kjörnefndar. Atkvæði skal kjósandi greiða í einrúmi og setja síðan í innsiglaðan kjörkassa.

12. gr.

Þegar kjósandi í kjördæminu, sem kemur á kjörstað, er ekki á prófkjörsskrá viðkomandi kjörstaðar skal hann setja prófkjörseðilinn í umslag merkt „Atkvæði“, loka því og setja síðan í umslag merkt „Til kjörnefndar Sjálfstæðisflokksins í _____ kjördæmi“, loka því og rita aftan á það nafn sitt eigin hendi og heimilisfang. Kjörstjórn skal gera skrá yfir slík utankjörstaðaratkvæði og geyma þau þar til talning atkvæða hefst.

13. gr.

Þegar kjörfundi lýkur skulu kjörstjórnir senda kjörkassa til kjörnefndar, þar sem talning atkvæða fer fram. Skulu kjörstjórnir láta fylgja:

- a) Prófkjörsskrá, sem sýnir hverjir kosið hafa, sbr. 10. gr.
- b) Skrá yfir utankjörfundaratkvæði sbr. niðurl. 12. gr.
- c) Kjörseðla, sem afgangsu eru.
- d) Gögn um framkvæmd prófkjörnsins á hverjum kjörstað.

Talning atkvæða

14. gr.

Kjörnefnd annast talningu atkvæða með aðstoð þeirra, sem hún kveður til. Talning getur hafist þegar allir kjörkassar og gögn, sem þeim eiga að fylgja, hafa borist í hendur kjörnefndar. Áður en talning hefst skal kjörnefnd ganga úr skugga um að öll innsigli kjörkassa séu ósködduð. Síðan skal kanna hvort fleira en eitt atkvæði hafi borist frá sama manni með því að bera saman umslög atkvæða sbr. 12. gr. og utankjörstaðaatkvæða þar sem það á við sbr. 6. gr. Komi í ljós að sami maður hafi greitt

atkvæði oftast en einu sinni skal ógilda atkvæði hans, eitt eða fleiri, sem borist hafa í umslögum. Ennfremur skal kannað hvort borist hafi atkvæðaumslag frá manni sem ekki er heimil þátttaka samkvæmt 2. gr. og sé svo skal ógilda atkvæði.

Að þessari athugun lokinni skulu gild atkvæðaumslög merkt „Til kjörnefndar Sjálfstæðisflokksins í _____kjördæmi“ opnuð og umslögin merkt „Atkvæði“ sett á einn stað. Þá skal loks sjálf talningin hefjast. Við talningu skal kjörnefnd og aðstoðarfólki hennar skipað í minnst fjögurra manna hópa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er kjörnefnd (yfirkjörstjórn) heimilt að hefja talningu atkvæða úr kjörkössum (ekki utankjörfundaratkvæði) áður en kjörfundi lýkur, enda verði tryggilega gengið frá því, að fréttir af talningunni berist ekki fyrir en kjörfundum er lokið alls staðar í kjördæminu.

15. gr.

Talningu atkvæða skal hagað þannig að fram komi hverjir hafa fengið atkvæði í hvert einstakt sæti og hve mörg. Að talningu lokinni hlýtur sá maður efsta sæti í prófkjörinu sem flest atkvæði fær í það sæti. Annað sæti hlýtur sá sem ekki hefir hlotið efsta sætið en hefur flest atkvæði þegar saman eru lögð atkvæði hans í 1. og 2. sæti. Þriðja sæti hlýtur sá sem ekki hefir hlotið 1. eða 2. sæti en hefur flest atkvæði þegar saman eru lögð atkvæði hans í 1., 2. og 3. sæti. Síðan hljóta menn önnur sæti í prófkjörinu með sama hætti.

Tillögur um framboðslista – Birting úrslita

16. gr.

Ef þátttaka í prófkjöri nemur helmingi af þeim, sem á kjörskrá eru við lok kjörfundar er kjörnefnd (ekki yfirkjörstjórn) skylt að gera þá tillögu til kjördæmisráðs (í Reykjavík fulltrúaráðsfundar) um skipan framboðslista flokksins þannig, að sæti listans skuli skipa þeir frambjóðendur sem í þau voru kosnir samkvæmt talningarreglu 15. gr., enda hafi þeir fengið hver fyrir sig atkvæði á að minnsta kosti helmingi gildra atkvæðaseðla og skiptir þá eigi máli í hvaða sæti þeim er skipað. Auðir seðlar teljast ekki gildir í þessu samhengi.

Verði niðurstaða í sameiginlegu prófkjöri Reykjavíkurkjördæma bindandi samkvæmt talningarreglum 15. greinar og 1. mgr. þessarar greinar skal kjörnefnd gera tillögu til fulltrúaráðsfundar í Reykjavík um að frambjóðendur skipi sæti á framboðslistum Reykjavíkurkjördæma, þó hefur sá sem hlýtur kosingu í fyrsta sæti val um í hvoru kjördæmi hann vill skipa sæti, sá sem hlýtur kosningu í annað sæti velur síðan og þannig koll af kalli.

17. gr.

Ef þátttaka í prófkjöri er sem segir í 16. gr. skal kjörnefnd birta opinberlega upplýsingar um úrslit prófkjörsins að því er varðar jafn mörg sæti og kosið var um. Verði bindandi kosning í fleiri sæti en kosið var um skulu þau úrslit birt opinberlega.

Heimilt er kjörnefnd að birta úrslit prófkjörsins þótt þátttakan verði minni en segir í 16. gr.

18. gr.

Þar sem yfirkjörstjórn er starfandi afhendir hún kjörnefnd niðurstöður prófkjörsins. Kjörnefnd gengur síðan frá tillögum sínum um framboðslista með tilliti til 16. gr. Tillögur kjörnefndar skulu lagðar fyrir kjördæmisráðsfund (í Reykjavík fulltrúaráðsfund) sem tekur lokaákvörðun um skipan listans.

Ágreiningur um prófkjör – Kætur

19. gr.

Ágreiningi, sem kann að koma upp um skýringu á reglum þessum og önnur atriði varðandi prófkjörið, má skjóta til úrskurðar stjórnar kjördæmisráðs. Ágreiningi, sem fram kann að koma innan stjórnar kjördæmisráðs varðandi prófkjörið, má skjóta til miðstjórnar sem þá fellir endanlegan úrskurð um ágreiningsefnið. Með sama hætti getur frambjóðandi í prófkjöri ávallt skotið ágreiningi um framkvæmd prófkjörs eða skýringar á reglum þessum til miðstjórnar að fenginni niðurstöðu stjórnar kjördæmisráðs. Það skal gert eins fljótt og kostur er, en eigi síðar en viku eftir að úrslit prófkjörs liggja fyrir.

Yfirkjörstjórn

20. gr.

Þar sem talað er um kjördæmisráð í reglugerð þessari gildir það einnig um fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík.

Þar sem talað er um kjörnefnd í reglum þessum gildir það einnig um yfirkjörstjórnir þær sem stjórnir kjördæmisráða hafa stofnsett til umsjónar með framkvæmd prófkjara nema annað sé tekið fram.

21. gr.

Kjördæmisráð (fulltrúaráðið í Reykjavík) setja nánari reglur um framkvæmd prófkjörs í sínu kjördæmi eftir því sem þurfa þykir og skal það gert innan þeirra marka sem reglugerð þessi og skipulagsreglur setja.

Prófkjör vegna sveitarstjórnarkosninga

22. gr.

Prófkjörsreglur þessar skulu í meginatriðum gilda ef viðhaft er prófkjör við ákvörðun framboðslista til sveitarstjórnar, s.s. um ákvörðun prófkjörs, hverjum sé heimil þátttaka í prófkjöri, val frambjóðenda og kosningaaðferð.

Merkja skal að lágmarki við jafnmarga frambjóðendur og tala kjörinna sveitarstjórnarmanna flokksins er eða að hámarki tvöfalda þá tölu, skv. ákvörðun kjörnefndar.

Ef þátttaka í prófkjöri er sem segir í 16. gr. skal kjörnefnd birta opinberlega upplýsingar um úrslit prófkjörsins að því er varðar að lágmarki jafn mörg sæti og nemur tölu kjörinna sveitarstjórnarmanna flokksins.

Þegar reglum þessum er beitt um prófkjör vegna sveitarstjórnarkosninga koma ákvörðunaraðilar um framboðslista í sveitarstjórnarkosningum skv. 53. gr. skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins í stað kjördæmisráðs og nefnda þess.

23. gr.

Við ákvörðun um prófkjör vegna sveitarstjórnarkosninga geta ákvörðunaraðilar um framboð til sveitarstjórna skv. 53. gr. skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins ákveðið að efna til prófkjörs sem einskorðast við val á frambjóðanda í fyrsta sæti væntanlegs framboðslista. Tillaga þessa efnis þarf að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna þess fundar er um hana fjallar og gildir einungis fyrir eitt prófkjör. Um þess háttar prófkjör gilda þessar prófkjörsreglur sbr. 22. gr. reglnanna eftir því sem við á, þó með þeirri undantekningu, að í stað þess að kjósendur kjósi mann í ákveðið sæti listans með því að setja tölustaf fyrir framan nöfn manna á prófkjörsseðli, þá merkir kjósandi með „X“ fyrir framan

nafn þess sem hann vill að skipi efsta sæti framboðslistans. Einungis er heimilt að merkja við eitt nafn.

Prófkjörsskrár

24. gr.

Stjórn fulltrúaráðs eða félags, þar sem fulltrúaráð starfar ekki, sér um gerð prófkjörsskrár fyrir sitt fulltrúaráðssvæði.

Sem prófkjörsskrár skulu notaðar félagaskrár sjálfstæðisfélaganna í kjördæminu miðaðar við þann dag, þegar framboðsfrestur rennur út, með leiðréttingum eftir því sem við á ef þátttökuréttur í prófkjöri hefur verið takmarkaður á grundvelli 3. mgr. 2. gr., og með viðauka um þá, sem kosningarrétt hafa öðlast frá þeim tíma til upphafs kjörfundar.

Eigi einstaklingur aðild að fleiri en einu sjálfstæðisfélagi ræður stjórn fulltrúaráðs á hvaða félagsskrá hann skuli vera við prófkjörið og strikar hann jafnframt út af öðrum félagaskrá, sem notaðar eru sem prófkjörsskrár, með viðhlítandi athugasemd.

Skrár samkvæmt 2. mgr. skulu gerðar í tveim eintökum. Grunnskráin skal send kjörnefnd sama dag og framboðsfrestur rennur út, á þeim tíma sem kjörnefnd ákveður. Kjörnefnd afhendir kjörstjórn annað eintakið áður en kjörfundur hefst. Viðaukaskrána skal stjórn fulltrúaráðs afhenda viðkomandi kjörstjórn fyrir upphaf kjörfundar.

Kjörstjórn gerir, ef við á, skrá yfir þá, sem ganga í sjálfstæðisfélag meðan á kjörfundi stendur og sendir hana ásamt viðaukaskránni sbr. 2 mgr. til kjörnefndar (yfirkjörstjórnar) ásamt öðrum kjörgögnum að loknum kjörfundi.

Skrár samkvæmt 2. og 4. mgr. skulu hafa að geyma kennitölu, nafn og heimilisfang viðkomandi flokksmanns.

Hver prófkjörskjósandi skal greiða atkvæði á kjörstað fyrir það svæði, sem hann var búsettur í síðasta dag næstliðins mánaðar fyrir prófkjörið, sbr. 6. gr. Á hverjum kjörstað skal vera til staðar prófkjörsskrá fyrir það svæði, sem prófkjörstaðurinn tekur yfir, og að auki, þar sem það á við, í hverri kjördeild, skrá yfir þann hluta umdæmisins, sem kjördeild tekur yfir. Hafi kjósandi flutt í kjördæmið eftir síðasta dag næstliðins mánaðar fyrir prófkjörið ber honum að sanna það með afriti af staðfestri aðflutningstilkynningu.

Til að gæta jafnræðis og tryggja að prófkjör, uppröðun eða kjör í stjórnir félaga og ráða, geti talist lýðræðisleg er grundvallaratriði að frambjóðendur, sem eru flokksbundnir sjálfstæðismenn, hafi aðgang að gildri kjörskrá. Á það bæði við um að tryggja eðlilegt eftirlit frambjóðenda með því að kosningar séu falslausar sem og að tryggja jafnan möguleika þeirra á að koma framboði sínu, stefnu sinni og sjónarmiðum á framfæri við þá sem hafa kosningarétt. Það er grundvallaratriði lýðræðis að þeir sem bjóða sig fram til trúnaðarstarfa gefist kostur á að kynna sér hverjir eiga atkvæðisrétt. Þessi réttur hefur verið tryggður í prófkjörum Sjálfstæðisflokksins í áratugi, með því að veita frambjóðendum aðgang að kjörskrá, skv. skráðum reglum flokksins sem og þeim sem myndast hafa af hefð.

Enda hefur verið venja fyrir því að afhenda frambjóðendum í prófkjöri kjörskrá svo viðkomandi geti kynnt sín stefnumál fyrir þeim sem atkvæðisrétt eiga hverju sinni. Venjan er í samræmi við almennar kosningareglur sem kveða m.a. á um að kjörskrá skuli liggja frammi almenningi til sýnis í tiltekinn tíma fyrir kjördag. Af persónuverndarstjórnarmiðum liggja félagsskrár Sjálfstæðisflokksins ekki frammi

almenningi til sýnis, en kjörnefndir, formenn kjördæmisráða og frambjóðendur, hafa eðli máls samkvæmt aðgang að kjörskrá.

Hafi prófkjör eða uppröðun verið ákveðin í kjördæmisráði fyrir alþingiskosningar eða fulltrúaráði fyrir sveitarstjórnarkosningar, fá því frambjóðendur aðgang að kjörskrá á viðeigandi svæði samkvæmt neðangreindum skilyrðum. Kjörskráin skal afhent, skv. nánari ákvörðun fulltrúa- eða kjördæmisráðs gegn háu skilagjaldi. Ætíð skal kjörskrá afhent í stafrófsröð en jafnframt eftir heimilisföngum, ef við á, til að tryggja að frambjóðendur geti nálgast þá sem kosningarétt hafa til að kynna framboð sitt og stefnu í viðkomandi hverfum. Skrifstofa Sjálfstæðisflokksins býr til listann og afhendir. Listanum skal skila strax að kjöri loknu, og eigi síðar en 2 sólarhringum síðar, á skrifstofu flokksins í Valhöll gegn endurgreiðslu skilagjalds.

Frambjóðendur skulu undirrita strangar trúnaðarskuldbindingar um meðferð kjörskrárinnar sem í einu og öllu skal samræmast reglum flokksins og lögum landsins.

Skráin inniheldur lista yfir flokksbundna sjálfstæðismenn á viðeigandi svæði, kennitölur, símanúmer, heimilisföng og póstnúmer. Um er að ræða persónugreinanlegar upplýsingar um skráða flokksmenn. Það er með öllu óheimilt að dreifa eða láta upplýsingar, sem kjörskráin inniheldur, af hendi.

Einungis er heimilt að nota skrána vegna þátttöku frambjóðanda í prófkjöri, uppröðun eða í stjórnarkjöri aðildarfélags flokksins, og það er með öllu óheimilt að afrita hana eða að afhenda öðrum skrána eða eftirrit hennar. Stranglega bannað er að styðjast við eldri kjörskrár eða aðrar skrár yfir flokksbundna sjálfstæðismenn í kjördæminu en þá sem frambjóðendur fá afhenta skv. framangreindu.

Kjörskrá inniheldur persónugreinanlegar upplýsingar. Frambjóðendur heita því að kynna sér og fylgja þeim reglum sem um meðferð og vinnslu slíkra upplýsinga gilda, m.a. þær sem finna má í lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lögum um fjarskipti nr. 81/2003. Bent er á að viðurlög eru við misnotkun á kjörskránni. Alla misnotkun á félagalistum Sjálfstæðisflokksins skal kæra.

Kjörskrá sem notuð er í prófkjörum og í tengslum við uppröðun skal samkeyra við bannskrá Þjóðskrár og fjarlægja skal símanúmer bannmerktra úr kjörskrá. Óheimilt er að hafa samband við þannig skráða einstaklinga í tengslum við framboð í prófkjörum og uppröðun. Þó er flokknum heimilt að hafa samband við bannmerka einstaklinga í tengslum við miðlun upplýsinga um viðburði, stefnu, fundi og annað sem flokkurinn telur mikilvægt að miðla til félagsmanna sinna.

Frambjóðendur bera ábyrgð á samskiptum sínum við flokksbundna sjálfstæðismenn, sem og aðra þá sem kann að verða haft samband við, í tengslum við framboð þeirra.

Gildistaka

25. gr.

Reglur þessar eru settar af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, sbr. 57. gr. skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins. Með samþykkt þessara reglna falla úr gildi allar fyrri reglur er miðstjórn hefur sett um prófkjör. Miðstjórn getur breytt þessum reglum að afloknum tveimur umræðum í miðstjórn.

Reglur þessar eru upphaflega settar af miðstjórn 10. apríl 1985 og síðan breytt af miðstjórn 12. september 1989, 18. janúar 2002, 3. desember 2004, 11. desember 2009, 26. október 2012, 15. júlí 2016 (samþ. óbreytt), 18. janúar 2018 og 5. mars 2021.